

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Skorradalshreppi.

Hreppsnefnd Skorradalshrepps samþykkti 23. júní 2021 breytingu á eftirfarandi deiliskipulags-
áætlunum:

Fristundabyggð við Skálalæk í landi Indriðastaða.

Breytingin felur í sér aukið byggingarmagn á lóð Skálalækjaráss 6 úr 120 m² í 175 m².

Fristundabyggð í Indriðastaðahlíð í landi Indriðastaða.

Breytingin felur í sér sameiningu lóðanna Indriðastaðahlíðar 124 og 126. Nafn sameinaðrar lóðar
verður Indriðastaðahlíð 126.

Fristundabyggð í Hálsaskógi, III. áfangi í landi Hálsa.

Breytingin felur í sér aukið byggingarmagn á lóð Refsholts 22 úr 175 m² í 210,7 m², að heimilt
verði að reisa tækjageymslu á lóð, að vegghæð verði aukin úr 250 sm í 264 sm og að val á
byggingarefni húss sé frjálst.

Deiliskipulagsbreytingarnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um
og öðlast þegar gildi.

F.h. hreppsnefndar Skorradalshrepps, 21. júlí 2021,

Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir skipulagsfulltrúi.